

Inntökureglur í Leikskólann Sólvelli

1. gr.

Í leikskólanum eru börn frá eins árs til sex ára.

2. gr.

Leikskóladvöl er úthlutað með hliðsjón af dagsetningu umsóknar þegar leikskólinn er ekki fullsetinn. Eldri börn með umsókn ganga fyrir

3. gr.

Börn einstæðra foreldra og börn sem búa við fötlun njóta forgangs í leikskóladvöl við eins árs aldur.

4. gr.

Tekið skal tillit til tungumálaerfiðleika hjá börnum, sérstaklega ef um eldri börn er að ræða.

5. gr.

Skilyrði fyrir leikskóladvöl er að viðkomandi eigi lögheimili í Grundarfjarðarbæ. Foreldrar sem hyggjast flytja til Grundarfjarðar geta sótt um leikskóladvöl fyrir barn sitt. Barnið getur ekki byrjað á leikskólanum fyrr en lögheimili hefur verið flutt.

Möguleiki er á því að veita undanþágu frá þessu skilyrði ef fyrir hendi eru laus pláss í leikskólanum og að lögheimilissveitarfélag greiði hlut sveitarfélagsins í kostnaði samkvæmt viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga. Yfirlýsing frá lögheimilissveitarfélagi þarf að liggja fyrir áður en inntaka barns er samþykkt.

Bæjarstjórn getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

6. gr.

Allir nýbúanemendur frá löndum utan EES, þurfa að fara í læknisskoðun og vera komnir með dvalarleyfiskírteini áður en þeir hefja leikskólagöngu.

7. gr.

Leikskólastjóri veitir umsóknum móttöku og úthlutar leikskólavist. Æskilegt er að foreldrar barna sem eru að nálgast leikskólaaldur sækji um sem fyrst á vef sveitarfélagsins, grundarfjordur.is.

Samþykkt í bæjarstjórn Grundarfjarðar 29. apríl 2014.

Björn Steinar Pálmason, bæjarstjóri